

**10. fundur Skipulags, bygginga, umhverfis og samgöngunefndar haldinn
Fundarsalur Álftavers,
miðvikudaginn 15. apríl 2020, kl. 17:00.**

Fundinn sátu:

Anna Lind Ragnarsdóttir, Hulda Gunnarsdóttir, Samúel Kristjánsson, Valgeir Scott, Þorbergur Kjartansson, Braji Þór Thoroddsen og Jóhann Birkir Helgason.

Fundargerð ritaði: Jóhann Birkir Helgason, Skipulags- og byggingarfulltrúi.

1. Aðalskipulag Súðavíkurhrepps 2019-2030 - 1902001

Tekið fyrir að nýju eftir auglýsinga- og athugasemdafrest og yfirferð Skipulagsstofnunar Aðalskipulag Súðavíkurhrepps 2018-2030 dags. 7. apríl 2020.

Skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd samþykkir þær lagfæringar sem gerðar voru eftir yfirferð Skipulagsstofnunar.

Lagfæringarnar snúast um vegi í náttúru Íslands, mynd 15.3 og tafla 15.1.

Umsögn Umhverfisstofnunar vegna þessa liggur fyrir þar sem bent er á að virkjunarvegur muni liggja um birkiskóg og að vegur sem fer um Hörgshlíðarfjall liggur að hluta til í birkiskógi.

Nefndin bendir á að eftir að sauðfé tók að fækka á svæðinu upp úr 1980 hefur birkiskógur í Hattardal aukist til muna, hann þést og útbreiðslan aukist. Stígur var fram dalinn en nú er svo komið að ófært er gangandi manni fram dalinn sökum birkis. Slóðinn í skipulaginu er á sama stað og hann hefur verið og verður aðgengilegur almenningi á ný eftir framkvæmdir. Ekki er gert ráð fyrir röskun á birki utan slóðans. Þá bendir nefndin á að hér áður fyrr voru mýrar ofan við og í núverandi birkiskógi nýttar til slægju. Ekki eru fyrirhugaðar breytingar á núverandi vegi upp á Hörgshlíðarfjall, nefndin tekur undir með UST að mikilvægt sé að við viðhald vegarins sé raski haldið í lágmarki og birki sé ekki raskað.

Fyrir liggur umsögn Vegagerðarinnar um vegi í náttúru Íslands, hún gerir ekki athugasemd.

Haft var samráð við Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða um iðnaðarsvæði á Garðstöðum sem geri ekki athugasemd við aðalskipulagið.

Leiðréttingar voru gerðar á texta fyrir iðnaðarsvæði I9, fram kemur heimild til að vinna allt að 120.000m³ af kalkþörungaseti, bætt var við þann texta (á ári).

Lagfæring var gerð á texta í töflu 10.6 undir F14, þar var felldur út textinn (innan landbúnaðarsvæðis á jörðinni).

Að lokum voru gerðar lagfæringar á uppdrætti til að gera hann skýrari.

Skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd leggur til við sveitarstjórn að Aðalskipulag Súðavíkurhrepps 2018-2030 verði samþykkt með ofangreindum breytingum.

Samþykkt

2. Deiliskipulag í Hattardal - 1909014

Tekið fyrir að nýju deiliskipulag í Hattardal eftir yfirferð Skipulagsstofnunar um umsagnar Umhverfisstofnunar á vegum í náttúru Íslands.

Gerð var lagfæring á uppdrætti þar sem tákn fyrir slóða frá stöðvarhúsi að inntaki var sett inn.

Skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd leggur til við sveitarstjórn að samþykkja deiliskipulagið óbreytt.

Samþykkt

3. Deiliskipulag inn af Langeyri - 1901001

Tekið fyrir að nýju deiliskipulag hafnar- og iðnaðarsvæðis inn af Langeyri í Súðavík dags. 7. apríl 2020 eftir yfirferð Skipulagsstofnunar á Aðalskipulag Súðavíkurhrepps 2018-2030.

Á fundi nefndarinnar 6. janúar 2020 var fjallað um athugasemdir og umsagnir sem bárust á auglýsinga- og athugasemdatíma. Engar breytingar hafa verið gerðar frá fyrri tillögu.

Skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd leggur til við sveitarstjórn að deiliskipulagið verði samþykkt óbreytt.

Samþykkt

4. Deiliskipulag inn af Langeyri - 1901001

Tekin fyrir að nýju breyting á deiliskipulagi á Langeyri, iðnaðar- og athafnasvæði eftir yfirferð Skipulagsstofnunar. Engar athugasemdir né umsagnir bárust við skipulagstillöguna þegar hún var auglýst.

Í bókun nefndarinnar frá 12. desember 2019 kom fram að umsagnir hafi ekki gefið tilefni til breytinga. Hið rétta er að engar athugasemdir né umsagnir bárust um deiliskipulagsbreytinguna.

Skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd leggur til við sveitarstjórn að samþykkja deiliskipulagið óbreytt.

Samþykkt

5. Túngata 11, byggingarleyfi - 2002005

Tekin fyrir teikning unnin af dap er varðar breytingu á þaki bílskúrs við Túngötu 11. Núverandi þak er skúrþak en teikning gerir ráð fyrir risþaki.

Skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd samþykkir breytinguna.

Samþykkt

6. Framkvæmdaleyfi fyrir skógrækt í Heydal - 2004001

Tekin fyrir umsókn frá Gísla Pálmasyni og Stellu Guðmundsdóttir dags. 17.12.2019 þar sem sótt er um leyfi til skógræktar í landi Heydals. Svæðið er ekki á náttúruminjaskrá, engar skráðar fornminjar eru á svæðinu, engar sérstakar jarðmyndanir né vistkerfi sem njóta verndar. Við hönnun skógarins verðu rþess gætt að skógurinn falli sem best að landslagi.

Gert er ráð fyrir að skógræktarsvæðið verði 61 ha, þar af 26 ha nýtt svæði, núverandi svæði er 35 ha.

Skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd gerir ekki athugasemd við skógrækt á umfæddu svæði enda er hún í samræmi við Aðalskipulag Súðavíkurhrepps 2018-2030 og leggur því til við sveitarstjórn að samþykkja heimild fyrir skógrækt við Heydal.

Samþykkt

7. Aðalgata 1, uppkaup - 2002002

Tekin fyrir tölvupóstur frá Braga sveitarsjóra dags. 30. mars 2020 til Ofanflóðarsjóðs er varðar uppkaup á atvinnuhúsnæði.

Jafnframt svar frá Ofanflóðasjóði dags. 31. mars 2020 frá Hafsteini Pálssyni þar sem fram kemur að sjóðnum er ekki heimilt að kaupa upp atvinnuhúsnæði.

. fundur Skipulags, bygginga, umhverfis og samgöngunefndar
16.04.2020

Með vísan í svar Ofanflóðasjóðs frá 31. mars sl. leggur Skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd til við sveitarstjórn að erindi Mama loca ehf frá 11.02.2020 um ósk um uppkaup á Aðalgötu 1 verði hafnað.

Hafnað

Fundi slitið kl. 18:00.

Anna Lind Ragnarsdóttir

Hulda Gunnarsdóttir

Samúel Kristjánsson

Valgeir Scott

Þorbergur Kjartansson